

Hafnarfirði 7. janúar 2018

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði.

Hr. Haraldur Líndal Haraldsson,

Strandgötu 6, 220 Hafnarfirði.

Efni: 50 ára afmæli félags eldri borgara í Hafnarfirði.

Sæll Haraldur.

Óskum þér og bæjarstjórn Hafnarfjarðar gleðilegs árs með kærum þökkum fyrir gott og gæfuríkt samstarf á liðnum árum.

Þá þökkum við Loftur Magnússon góðan fund með þér og Andra Ómarssyni þann 19. desember s.l. Eins og fram kom á fundinum þá leitum við eftir því við bæjarstjórn að hún veiti félaginu fjárhagslegan stuðning vegna afmælishátíðar sem félagið hyggst standa fyrir þann 26. mars n.k.

Allt frá stofnun félagsins árið 1968 hefur stuðningur Hafnarfjarðarbæjar við starfsemi eldri borgara í bænum verið til mikils sóma og til fyrirmyndar öðrum sveitarfélögum.

Það er því ánægjulegt að geta þess að allur sá kraftur og sú gleði sem fylgir félagsstarfinu er í raun endurspeglun á þeim skilningi og velvild sem félagið hefur notið frá stjórn bæjarfélagsins.

Félagið var nefnt „Styrktarfélag aldraðra“ þegar það var stofnað af 20 Hafnfirðingum sem voru tilbúnir til að vinna að velferðarmálum aldraðs fólks í bænum. Þau voru fyrst á landinu til að stíga svo mikilvægt skref fyrir aldurshópinn. Meðal stofnfélaga voru aðilar sem komu víða við í bæjarfélaginu. Þegar fram liðu stundir voru stofnuð fleiri félög með sömu markmið og landsamtök sem kenna sig við eldri borgara. Því varð það árið 1992 að Hafnfirðingar tók upp nafnið „Félag eldri borgara í Hafnarfirði“. Í fyrravor var greitt til Landsambands eldri borgara fyrir 1271 félag en þeim hefur fjölgað ört síðan þá.

Á þessum merku tímamótum hefur stjórn félagsins tekið þá ákvörðun að breyta merki félagsins. Mun fyrsti borðfáni prýddur hinu nýja merki verða færður bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Við minnumst með þakklæti og virðingu allra þeirra sem komið hafa að starfi eldri borgara í Hafnarfirði. Við undirbúning að afmælinu buðum við með okkur í afmælisnefnd fyrrverandi formönnum félagsins en af átta eru fjórir þeirra á lífi.

Afmælið í ár er áætlað með svipuðum hætti og fyrir 10 árum síðan þegar félagið hélt upp á 40 ára afmæli sitt. Öll gögn sem geyma upplýsingar um þá hátíð eru meðfylgjandi beiðni okkar.

Hálfrar aldar afmælishátíð um öfluga, ánægjulega og farsæla velferð eldri borgara í Hafnarfirði er hátíð okkar allra.

Vonum að erindi okkar fái jákvæða umfjöllun og afgreiðslu.

Með bestu kveðju, fyrir hönd stjórnar,

  
Valgerður Sigurðardóttir, formaður félags eldri borgara í Hafnarfirði

## Stjórnarfundur

Haldinn miðvikudaginn 20. febrúar 2008 kl. 10.00 í félagsheimilinu Hraunselli.

Mættir voru: Sigurður Hallgrímsson, Martha Ingimarsdóttir, Margrét Guðnadóttir, Kristinn Guðnason, Gunnar Hólmsteinsson, Almar Grímsson, Erna Friða Berg og Hanna Friðjónsdóttir.

Formaður, Sigurður Hallgrímsson setti fundinn og stjórnaði honum.

Fyrir tekið:

### 1. Listin að lifa

Talað um næsta blað, sem væntanlega kemur út í byrjun mars. Þar mun Hafnarfjörður verða í brennidepli í tilefni 40 ára afmælis okkar. Hanna Friðjónsdóttir og Kristinn Guðnason gerðu grein fyrir auglýsingasöfnun í blaðið. Þeim þökkud vel unnin störf.

### 2. Styrkir v/afmælisins

Formaður sagði frá styrkjum frá ýmsum aðilum í tilefni afmælishátíðarinnar. Kynnti hann útgáfu reikninga sem sendir eru styrktaraðilum.

Búið er við að afmælishátíðin kosti kr. 3.000.000 og útgáfa afmælisritsins kr. 1.500.000. Kom fram í máli hans að allur undirbúningur gangi vel og sé sky. áætlun.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur þegar samþykkt að veita styrk að fjárhæð kr. 1.500.000. Er henni þakkur veittur stuðningur.

### 3. Boðsgestir


Formaður kynnti fyrirhugaðan lista yfir boðsgesti á afmælishátíðina.


Þegar hefur verið ákveðið að bjóða forseta Íslands, bæjarstjórn Hafnarfjarðar og öðrum styrktaraðilum.


Stjórnin kom með ýmsar tillögur um boðsgesti.

Fleira ekki tekið fyrir. Næsti fundur ákveðinn mánudaginn 3. mars kl. 10.00.

Fundi slitið kl. 15.50.

  
Erna Friða Berg ritari

  
Sigurður Hallgrímsson formaður



## **Félag eldri borgara í Hafnarfirði 40 ára.** **Uppgjör afmælisnefndar vegna hátíðarinnar.**

### **Tekjur.**

Miðasala á afmælishátíð	kr.	366.000
Sala bókarunnar "Dýrmæt ár"	-	579.000
<u>Styrkir, gjafir og áheiti (sjá baksíðu)</u>	-	<u>3.095.000</u>
<u>Samtals tekjur</u>	<u>Kr.</u>	<u>4.040.000</u>

### **Gjöld.**

Prentun bókarinnar "Dýrmæt ár"	Kr.	1.888.187
<u>Endurgreiddur vsk.</u>	-	<u>276.517</u>
<u>Útgáfukostnaður bókarinnar</u>	Kr.	<u>1.611.670</u>
Kostnaður v/ afmælishátíðar	-	1.838.395
<u>Annar kostnaður</u>	-	<u>16.794</u>
<u>Samtals gjöld</u>	<u>Kr.</u>	<u>3.466.859</u>

**Mismunur á reikningi 1101 – 26 -38988      Kr. 573.141**

Auk þess afhendast hér með óselt upplag bókarinnar "Dýrmæt ár".

Hafnarfirði 29. október 2008,  
f.h. Afmælisnefndar FEBH

Hjördís Guðbjörnsdóttir,  
formaður.

Jón Kr. Jóhannesson,  
gjaldkeri.

Hörður Zophaníasson.

Kjartann Jóhannsson.

Ragnhildur Guðmundsdóttir.

Sigurður Hallgrímsson,  
frv. formaður FEBH.

## Félag eldri borgara 40 ára.- Afmælishátíð að Ásvöllum 25. mars

### Nokkur atriði til skoðunar:

- Borðaplan og skipulag salar (H) – (tilbúið í næstu viku)
- Fjöldi 650
- Borð (H) kr. 230.000 m. uppsetningu + stólauppröðun
- Tjöld á vegg (H) kr. 150.000 m. uppsetningu
- Stólar (N) kr. 430 pr. stk. + akstur
- Hljóðkerfi (E) kr. 200.000
- Ljós (E) kr. 132.000
- Skjávarpi – tjald? (E) kr. 31.000
- Svið 6 x 4 m (E) kr. 124.500
- Akstur v. sviðs, hljóðkerfis og ljósa (E) 54.000
- Veitingar kr. 1200 pr. mann með þjónustu og borðbúnaði (R)
- Fatahengi (H) kr. 20.000
- Tími: 13:30 – 15:30 (16)
- Leiga vegna húss ?
- Skreytingar ( )
- Gólfefni ef þarf kr. 150.000 (H)

H = Haukar handbolti – Pétur Vilberg

E= EXTON - Hrannar

R= Veisluréttir - Ragnheiður

N= Nýsir

Afmælisnefnd FEB:

Hörður Zófaníasson

Jón Kr. Jóhannesson

Hjördís Guðbjörnsdóttir

Kjartan Jóhannsson

Ragnhildur Guðmundsdóttir

Veislustjóri: Ellert Borgar

# Adgöngumiði

★ 40 ára ★  
afmælishátíð



Haldin á Ásvöllum 25. mars 2008.  
Hátíðin hefst kl. 13:30. Húsið opnar kl. 12:30  
Verð 1.000,-

0089







Óperukór Hafnarfjarðar



Hjörleifur Dalsson

Jóhannes Kristjánsson



Gaflarakórinn



Magnús Kjartansson

Þuríður Sigurðardóttir



1968 2008



# 40 ára afmælishátíð

Þriðjudaginn 25. mars 2008, klukkan 13:00  
í Haukahúsinu á Ásvöllum

## Glæsileg dagskrá

**Húsið opnað Kl. 13:00**

Þóroður Marteinson og Stigur Herlufsen taka á móti gestum með léttari tónlist

Kl 13:30 Sigurður Hallgrímsson formaður FÉBHI setur hátíðina

Skipun veislustjóra Ellert Borgar Þorvaldsson

Ávörp flytja: Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri

Helgi K. Hjálmsón, formaður Landssambands eldri borgara

Skemmtiatriði: Gaflarakórinn Stjórnandi: Kristjana Þórdís Ásgeirsdóttir

Þuríður Sigurðardóttir, söngkona með udirleik Magnúsar Kjartanssonar

### Kaffiveitingar

Jóhannes Kristjánsson, eftirhermur

Hjörleifur Dalsson, fiðluleikari leikur léttari tónlist

Óperukór Hafnarfjarðar,

Stjórnandi: Elin Ósk Óskarsdóttir

Afmælishátíð slitið og þakkarorð

formaður FÉBHI

Sala aðgöngumíða í Hraunseli,


Flatahrauni 3

sími 555 0142

1968 2008



þakkar veittan stuðning



Dönaðarmannafélagið  
í Hafnarfirði

DRAUPNIR - fjárfestingafélag



IPS

Félag eldri borgara Hafnarfirði - 40 ára

# Afmælishátíð 25. mars 2008

**Kl. 13.00** Húsið opnað og gestir boðnir velkomnir:  
Þórður Marteinsson og Stígur Herlufsen taka á móti  
gestum með léttri tónlist

## Dagskrá:

**Kl. 13.30** **Setning og skipun veislustjóra:**  
Sigurður Hallgrímsson, formaður Félags eldri borgara  
Hafnarfirði.

Veislustjóri: Ellert Borgar

### Ávörp:

Jóhanna Sigurðardóttir, félagsmálaráðherra

Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar

Helgi Hjálmsón, formaður Landssamtaka eldri borgara

### Skemmtiatriði:

Gaflarakórinn - stjórnandi Kristjana P. Ásgeirsdóttir

Jóhannes Kristjánsson, eftirherma

### Kaffiveitingar

Hjörleifur Valsson leikur léttu tónlist

### Skemmtiatriði:

Þuríður Sigurðardóttir, söngkona

Óperukór Hafnarfjarðar - stjórnandi Elín Ósk Óskarsd.

**Afmælishátíð slitið - þakkarorð:**

Formaður FEB Hafnarfirði.